



Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun til fimm ára 2019- 2023 mál nr. 172 og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033, mál nr. 173.

Á fundi sveitarstjórnar Dalabyggðar þann 18. október síðastliðinn var eftirfarandi samþykkt gerð:

Sveitarstjórn Dalabyggðar krefst þess að Alþingi og ríkisstjórn endurskoði áform sín um að teyja framkvæmdir á Snæfellsvegi um Skógarströnd í Dalabyggð þar til eftir árið 2023. Það er ljóst að framkvæmdir á þeim stofnvegi þola litla bið miðað við það slæma ástand sem vegurinn er kominn í, hversu mikil umferð fer um hann og auk þess hversu hættulegur hann er.

Í Dalabyggð er tíðni umferðarslysa hvað mest af sveitarfélögum á Vesturlandi og þar er eitt hættulegasta vegakerfi á landinu, auk þess sem fá sveitarfélög eru með jafn lágt hlutfall bundins slitlags. Vegurinn um Skógarströnd er mikilvæg hringtenging við Snæfellsnesið og myndu endurbætur á honum ýta undir möguleika á frekara samstarfi við sveitarfélögin þar., möguleika á stærra vinnusóknarsvæði, auka búsetugæði og vegaöryggi til muna.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hvetur einnig Alþingi og ríkisstjórn til að leggja meira fé til endurbyggingar tengivega sem og annarra vega í Dalabyggð sem fyrst, auk fækkunar einbreiðra brúa í sveitarfélaginu með það að leiðarljósi að efla byggðina, auka atvinnumöguleika og samstarf við sveitarfélögin í kring, auka búsetugæði og síðast en ekki síst bæta öryggi til muna.

Um þessa vegi fara skólabörn dag hvern en meirihluti skólabarna í Auðarskóla í Búðardal koma úr sveitunum í kring. Má þar nefna einna lengsta leið skólabarna af Fellsströnd og Skarðströnd í kringum Klofning þar sem þau ferðast tugi kílómetra hvern skóladag á lélegum, mjóum, holóttum malarvegi. Það er því ljóst að hvað öryggi varðar þá er ástand vegakerfisins í Dalabyggð algjörlega ólíðandi og ekki í takti við markmið samgönguáætlunar um öryggi.

Í markmiðum samgönguáætlunar er talað um að auka eigi búsetugæði með því að bæta samgöngur innan og milli skilgreindra vinnusóknarsvæða, stækka þau þar sem hægt og stuðla að eflingu atvinnulífs innan og milli landshluta. Samgöngukerfið eigi að taka tillit til þarfa ferðþjónustunnar og öryggi verði haft til hliðsjónar við allar ákvarðanir, áherslur og aðgerðir í samgöngumálum. Það er ljóst að hlutur Dalabyggðar er ekki mikill í samgönguáætlun og seint farið í verkefni og ekki er verið að uppfylla markmið áætlunarinnar varðandi samgöngur innan sveitarfélagsins.

Vegakerfi Dalabyggðar er með því verra sem gerist og er sveitarfélagið í 70. sæti af nær jafnmörgum sveitarfélögum á landinu yfir hlutfall vega með bundnu slitlagi. Tíðni umferðarslysa er einnig einna mest í Dalabyggð og er vegakerfið innan sveitarfélagsins það fimmta hættulegasta á landinu

samkvæmt skýrslu sem nefnist Samgönguáætlun Vesturlands og unnin var á vegum Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi á árinu 2017.

Vegakerfið í Dalabyggð hefur fengið litla athygli stjórnvalda undanfarin ár, þrátt fyrir mikla fjölgun ferðamanna og uppbyggingu í ferðaþjónustu víðsvegar í sveitarfélaginu. Það að samgöngur séu í lagi er eitt af grunnskilyrðum og fyrir byggð í sveitarfélaginu. Vegir í Dalabyggð eru illa farnir, með litla þjónustu, slys eru tíð og einbreiðar brýr eru mjög margar, sumar hverjar staðsettar í blindhæðum eða blindbeygjum.

Ítrekað er að stofnvegurinn um Skógarströnd, vegur númer 54, verður að vera í samgönguáætlun 2019-2023. Þá er jafnframt bent á að það fjármagn sem gert er ráð fyrir að sé sett í veginn skv. áætlun 2019-2033 er hvergi nærri nóg og það að einungis sé gert ráð fyrir að gengið verði frá 27 kílómetrum er langt frá að mæta þeirri þörf sem er til staðar. Augljóst að vegurinn ber ekki lengur þá umferð sem um hann fer og þolir ekki lengur bið eftir úrbótum. Um hann fer fjöldi fólksbíla og umferð hópferða- og flutingabifreiða hefur stóraukist. Vegurinn er grófur malarvegur, alla jafna mjög holóttur, með fjölda einbreiðra brúa og blindhæða og slys eru tíð á honum. Varðandi Skógarstrandarveg er einnig tímabært að huga að þverun Álftafjarðar.

Mikilvægt er að því verði fylgt eftir að skoða fjölbreyttar leiðir til fjármögnunar stórra framkvæmda þannig að vegir eins og Skógarstrandarvegur og Laxárdalsheiði færast framár í framkvæmd eins og nauðsynlegt er.

Jákvætt er að í samgönguáætlun er lögð áhersla á tengivegi og á breikkun brúa, þó svo að framkvæmdaáætlun þar sé of afturþung. Þar er um að ræða stórt verkefni og mikið öryggismál varðandi vegi í Dalabyggð og er þess vænst að umtalsverður hluti áætlaðra fjárveitinga renni til framkvæmda þar. Vestfjarðavegur er sá vegur sem er með einna mestan umferðarpunga í Dalabyggð og er umferð flutningabifreiða sérstaklega mikil. Vestfjarðarvegur ber illa þessa miklu umferð og þyrfti að huga sérstaklega að endurbótum á honum, einkum varðandi einbreiðar brýr t.d. yfir Fáskrúð, Glerá og Haukadalsá. Sömu sögu má segja um ástand tengivega í sveitarfélaginu.

Varðandi samgöngur utan Dalabyggðar er afar jákvæð sú áhersla sem ætlunin er að leggja á Vesturlandsveg um Kjalarnes og í Borgarnes.

Virðingarfyllst,

f.h. Dalabyggðar.



SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR
Kristján Steurluson
sveitarstjóri